

Reykjavík, 20. desember 2019

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Íslandsbanka hf. gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið hóf vettvangsathugun hjá Íslandsbanka hf. í mars 2019. Niðurstaða lá fyrir í desember 2019.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna framfylgni Íslandsbanka við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og einnig eftir atvikum eldri lög nr. 64/2006 um sama efni. Vettvangsathugunin tók mið af eldri lögum nr. 64/2006, þá sérstaklega hvað varðar yfirferð á framkvæmd áreiðanleikakannana í tíð eldri laga, enda stutt síðan ný lög tóku gildi þegar vettvangsathugun hófst. Nánar tiltekið tók athugunin til innri ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunaraðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Þá tók athugunin einnig til undirbúnings bankans á áhættumati samkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2018.

Til að öðlast yfirsýn yfir aðgerðir bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverk aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá bankanum t.d. gagna úr kerfum bankans vegna áreiðanleikakannana, tók viðtöl við starfsmenn bankans, fékk kynningar á kerfi bankans vegna reglubundins eftirlits, kerfi til að fylgjast með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og kerfi til að fylgjast með því hvort einstaklingar séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá var handvalið úrtak 34 viðskiptavina bankans, einstaklinga og lögaðila og framkvæmd áreiðanleikakönnunar bankans á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða að hluta með sérstakri áherslu á upplýsingar um raunverulega eigendur í tilviki lögaðila. Loks óskaði Fjármálaeftirlitið eftir fimm nýjustu skýrslum vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við innri reglur og ferla, eftirlitskerfi vegna reglubundins eftirlits með samningssamböndum við viðskiptamenn, alþjóðlegra þvingunaraðgerða og einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá þótti ekki, miðað við valið úrtak, tilefni til að gera athugasemdir við framkvæmd áreiðanleikakannana hjá einstaklingum eða úrtak á skýrslum vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir en ekki voru gerðar sérstakar úrbótakröfur þar sem bankinn hafði þegar gripið til úrbóta þegar niðurstaða Fjármálaeftirlitsins lá fyrir.

- Í tveimur tilvikum var ekki skjalfest mat bankans á áreiðanleika upplýsinga og því var ekki sýnt fram á að upplýsingar um raunverulega eigendur hafi verið metnar með sjálfstæðum hætti í þessum tilvikum, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. núgildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.

- Skortur var á að upplýsingar um viðskiptamenn væru uppfærðar reglulega, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 en þess má geta að bankinn hafði hafið vinnu við uppfærslu á verklagi þegar athugunin fór fram.